

DÓMARA-, MÓTA- OG TÆKNINEFND SSÍ

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

Hlutverk Dómara-, móta- og tækninefndar (DMT)

er að annast framkvæmd móta SSÍ á allan hátt og rekstur þeirra með aðstoð skrifstofu SSÍ. Einnig sér nefndin aðildarfélögum SSÍ fyrir viðeigandi fræðslu um mótaframkvæmd. Nefndin veitir ráðgjöf við val á hugbúnaði vegna sundmóta og sér til þess að tæknimál séu í góðu lagi á mótum SSÍ.

Einnig er á ábyrgð nefndarinnar að skipuleggja dómgæslu á mótum SSÍ og ber henni að tilnefna yfirdómara á þau mót. Nefndin skal skipuleggja og halda námskeið fyrir dómara með reglubundnu millibili. Nefndin sendir stjórn SSÍ áætlun fyrir næsta sundtímabil um dómaranámskeið og endurmenntunarnámskeið eftir sinn fyrsta fund. Nefndin heldur skrá yfir þá sem hafa virka reynslu sem ræsar og fullgild réttindi sem dómara og yfirdómara og nefndin staðfestir ný áunnin réttindi í umboði stjórnar SSÍ.

Nefndinni ber að vera stjórn SSÍ til ráðgjafar um samræmda túlkun reglna um sundíþróttina og sér um að kynna þær og endurnýja í samræmi við breytingar á alþjóðlegum reglum.

Verkefni nefndarinnar í hnotskurn eru:

- að vinna með starfsfólki og stjórn SSÍ að undirbúningi sundíþróttamóta
- að sjá um uppsetningu og framkvæmd móta SSÍ og að tækja- og tæknibúnaður sé í viðunandi ástandi á mótisstað
- að útnefna yfirdómara og ræsa á mót SSÍ sem og á alþjóðleg mót sem haldin eru í umboði SSÍ og gæta að aðrar stöður dómara og annarra starfsmanna séu mannaðar
- að skipuleggja þjálfunar- og endurmenntunarverkefni fyrir dómaranema, almenna dómara, yfirdómara og tæknifólk og stuðla að nægilegri þátttöku í þeim
- að beita sér fyrir að þýðingum á alþjóðlegum reglum verði viðhaldið og kynna breytingar á gildandi sundreglum eða sérstökum ákvæðum sem sett eru þegar það á við
- að búa til og viðhalda kynningar- og kennslufni fyrir starfsfólk sundmóta
- að halda skrá yfir starfandi dómara, tæknifólk og annað sérhæft starfsfólk sundmóta
- að senda nafnalista yfir yfirdómara, almenna dómara og dómaranema til stjórnar SSÍ til staðfestingar
- að stuðla að þátttöku íslenskra dómara á mótum erlendis
- að fylgja eftir reglum SSÍ um skil gagna frá sundmótum félaga
- að vinna með vefstjóra SSÍ í að viðhalda móta- og dómgæslugögnum á vef SSÍ
- að sjá til þess viðurkenndir dómara séu til staðar í öllum sundíþróttagreinum sem falla undir SSÍ

Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni í mánuði, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ. Fundargerðir nefndarinnar eru birtar á heimasíðu SSÍ þegar stjórn SSÍ hefur staðfest þær.